

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Vaðnes, lóð 6, L217666, stækkun byggingarreits og aukið byggingarmagn.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Vaðness 1, Grímsnesi. Deiliskipulagsbreytingin snýr að hitaveitulóð vegna borunar á nýrri holu á lóðinni. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður og byggingarmagn aukið.

Samþykkt í sveitarstjórn 21. ágúst 2024.

Deiliskipulag, Suðurkot, L168285, frístundasvæði.

Um er að ræða skipulag sem tekur til skilgreiningar á lóð og byggingarreit fyrir frístundahús innan jarðar Suðrarkots. Innan reitsins er gert ráð fyrir frístundahúsi á einni hæð ásamt gestahúsi/geymslu.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. júní 2024.

Deiliskipulag, Hraunkot, Hraunborgir, frístundasvæði.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag er varðar deiliskipulag frístundasvæðis í Hraunkoti. Við gildistöku nýs deiliskipulags fellur núverandi skipulag svæðisins úr gildi. Í breytingunni felst meðal annars fjölgun lóða. Stærðum aðalhúss og geymslu og gestahúsa er breytt og þau stækkuð. Skipulagssvæðin eru tvö í dag, A og B, en verða sameinuð í eitt skipulagssvæði.

Samþykkt í sveitarstjórn 2. október 2024.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 15. október 2024.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.